

# Dagskrá og tillögur

fyrir aðalfund Hampiðjunnar er haldinn verður 27. mars 2015, kl. 16:00

## DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina árið 2014.
2. Staðfesting ársreiknings og ráðstöfun hagnaðar ársins 2014.
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Kosning stjórnar félagsins.
5. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Tillaga um að stjórn fái heimild til kaupa á eigin hlutum.
7. Tillaga um breytingar á samþykktum.
8. Önnur mál.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

## TILLÖGUR

Um greiðslu arðs:

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2015 vegna rekstrarársins 2014 verði greiddar 0,67 kr. á hlut í arð til hluthafa, eða 326 milljónir ISK. Arðurinn verði greiddur í viku 19. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 27. mars 2015, þ.e. viðskipti sem fara fram á þeim degi koma fram í hlutaskrá félagsins á arðsréttindadeginum 31. mars. Arðleysisdagurinn er 30. mars.

Um þóknun til stjórnarmanna:

Þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið ár verði kr. 1.200.000, formaður fái þrefaldan hlut.

Um endurskoðunarfélag:

PricewaterhouseCoopers ehf. verði kjörið til næsta árs.

Um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum:

Aðalfundur Hampiðjunnar hf. haldinn 27. mars 2015 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkist við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi skal miða við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en kaupsamningur er gerður.

Um breytingar á samþykktum:

Breytingar á samþykktum félagsins en nýjar samþykktir verða bornar upp í heild sinni því breytingarnar eru margþættar. Þær miða aðallega að því að auka möguleika á rafrænum samskiptum og skráningu ásamt því að fella inn ákvæði um kynjahlutföll og starfskjarastefnu og tryggja samræmi milli samþykktanna og núverandi lagaákvæða.

Vísað er í tillögu um nýjar samþykktir sem fylgja sem sér skjal og eru einnig vistaðar á heimasíðu Hampiðjunnar.